



Fundargerð

315. afgreiðslu- og samráðsfundur byggingarfulltrúa,
haldinn í fjarfundi, 28.september 2021, kl. 09:15

Viðstaddir:

Sigmundur Eypórsson staðgengill byggingarfulltrúa, Maríanna Hvanndal Einarsdóttir tæknifulltrúi, Gunnar Kr Ottósson skipulagsfulltrúi, Rúnar Már Bjarnason Brunavarnir Suðurnesja, Hannes Friðriksson vinnueftirlitið og Brynja Þóra Valtýsdóttir ritari.

* * *

1. Dalsbraut 11 (2021090267)

Guðlaugur H. Sigurjónsson kt.081169-5869 f.h. Reykjanesbæjar sækir um byggingarleyfi fyrir Íþróttahúsi og sundlaug Áfangi 2, Stapaskóli sbr. aðaluppdráttum frá ARKÍS dags. 19.12.2021.

Erindi frestað. Erindið í samþykktarferli hjá Skipulagsstofnun.

2. Bergás 3 (2021090153)

Ragnar H. Ragnarsson kt.061276-4919 f.h. Ásgeirs S. Guðbjartssonar kt.240577-3729 sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á einni hæð sbr. aðaluppdráttum frá Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 30.08.2021.

Byggingaráform samþykkt.

3. Miðtún 2 (2021090154)

Guðni S. Sigurðsson kt.25082-4479 f.h. Reykjanes Investment ehf kt. 600521-3140 sækir um byggingarleyfi fyrir lagfæringum og breytingum innan og utan húss. Tvær íbúðir sem verða nú skipt upp í tvö fastanúmer, sbr. aðaluppdráttum frá RISS verkfræðistofu dags. 20.07.2021.

Byggingaráform samþykkt.

4. Norðurtún 8 (2021090302)

Þórhallur Garðarsson kt.020370-4599 f.h. Bjarna Áskelssonar kt.161068-5519 sækir um byggingarleyfi fyrir að breyta einbýlishúsi í tvær íbúðir, sbr. aðaluppdráttum frá Tækniþjónustu SÁ ehf dags.14.09.2021. Erindið, mál nr.2021060039, var áður á dagskrá 14.09.2021, þá frestað. Ný gögn hafa borist.

Byggingaráform samþykkt, þar sem tekið er tillit til eldra húsnæðis. Hönnuður gerir betur grein fyrir á aðaluppdráttum þar sem salarhæð í hluta íbúðar neðri hæðar uppfyllir ekki ákvæði reglugerðar um lofthæð.



5. Flugvallarbraut 731 (2021090155)

Emil Þór Guðmundsson kt.280456-3499 f.h. Leiguíbúða ehf kt.710806-1360 sækir um byggingarleyfi fyrir að skipta eigninni upp í tvær séreignir, verður notað sem vörugeymsla, sbr. aðaluppdráttum frá Emil Þ. Guðmundssyni dags.17.08.2021.

Erindi frestað. Gera þarf betur grein fyrir brunahönnun hússins. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja geri grein fyrir hvort mögulega sé spilliefni á lóð, með tilliti til fyrri starfsemi.

6. Asparlaut 24-26 (2021090427)

Kristinn Ragnarsson kt.120944-2669 f.h. Miðlands ehf kt.430579-0109 sækir um byggingarleyfi fyrir tveimur fjölbýlishúsum sem innihalda 17. íbúðir hvor sbr. aðaluppdrættir frá KRark teiknistofu dags. 22.09.2021.

Byggingaráform samþykkt.

7. Guðnýjarbraut 12 (2021060180)

Sveinn Valdimarsson. kt: 271068-3879 f.h. Smíðafélagið ehf. kt: 451098-2179 sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi sbr. aðaluppdrætti frá Beimur ehf. dags. maí 2021. Fyrir nokkrum árum var neðri hæð steipt upp en ekki lokið. Erindið var áður á dagskrá 05.07.2021, þá frestað. Skipulagsbreyting samþykkt eftir grenndarkynningu.

Byggingaráform samþykkt.

8. Bjarkardalur 8B (2021050139)

Sólrún Auðbertsdóttir kt.240366-5689 tilkynnir um áformaða framkvæmd, lítið skýli/gustloka á hluta af svölum sbr. meðfylgjandi gögn. Erindið var áður á dagskrá 27.05.2021, þá frestað. Grenndarkynningu lauk 23.07.2021, skipulagsbreyting samþykkt.

Byggingaráform samþykkt.

9. Skólavegur 6 (2021020697)

Sigríður Magnúsdóttir kt.260362-6589 f.h. Ríkiseigna kt. 690981-0259 og Ríkissjóðs Íslands kt.540269-6489 sækir um byggingarleyfi fyrir viðhaldsframkvæmdum og endurskipulagningu 1. og 3. hæðar. Áður var samþykkt byggingaráform, 09.03.2021, um breytingar á bráðamóttöku, rannsóknarstofum, myndgreiningu og aðgerðarluta heilsugæslu yrði komið fyrir á fyrstu hæð. Endurhæfingu geðteymis komið fyrir á þriðju hæð ásamt búningaaðstöðu starfsmanna, gistirýmum vakthafandi starfsfólks og þjónustu, sbr. aðaluppdráttum Teiknistofunnar TRÖÐ dags. 17.02.2021. Nú er sótt um byggingarleyfi fyrir breytingum sbr. aðaluppdráttum frá Teiknistofunni TRÖÐ dags.22.09.2021.

Erindi frestað. Brunavarnir Suðurnesja óska frekari tímaramma til yfirferðar.

10. Bolafótur 9 (2021070095)

Benedikt G. Jónsson kt.170564-7669 f.h. Benna Pípara ehf kt.701107-3060 sækir um stöðuleyfi fyrir 1 stk 40 feta gám, meðfylgjandi er ljósmynd af staðsetningu.

Erindi samþykkt. Stöðuleyfi til eins árs.



11. Kliftröð 5 (2021070202)

Lúðvík Bárðarson kt.210464-6979 f.h. Skúfs ehf kt.4606972479 sækir um stöðuleyfi fyrir 2 stk 40 feta gáma á Kliftröð 5, meðfylgjandi er ljósmynd að staðsetningu.

Erindi samþykkt. Stöðuleyfi til eins árs.

12. Hringbraut 125 (2021090473)

Jón Gunnarsson f.h. Borðtennisfélags Reykjanesbæjar kt. 590421-0300 sækir um byggingarleyfi til að setja upp skilti á aðstöðu félagsins, sbr. meðfylgjandi gögn.

Erindi samþykkt.

Fundargerðin rituð í tölvu og
fundarmenn staðfestu fundargerð rafrænt.
Flaira ekki gert og fundi slitið kl. 9:59